



Fundargerð

34. fundar stjórnar FRÍ á starfstímabilinu 2014-2016, haldinn
þriðjudaginn 26. apríl 2016 kl. 20:00 í sal A, á 3. hæð í Íþróttamiðtöð ÍSÍ

Mætt: Stjórnarmennirnir Einar Vilhjálmsson (EV), Lóa Björk Hallsdóttir (LBH) og Fríða Rún Þórðardóttir (FRÞ) sátu fundinn. Jón H Steingrímsson (JHS) og Stefán Skafti Steinólfsson (SSS) boðuðu þátttöku á fundinum símleiðis við umræðu og ákvarðanatöku undir liðnum fjármál. Árni Þorsteinsson (ÁÞ), framkvæmdastjóri sambandsins boðaði forföll. Jónas Egilsson (JE) boðaði forföll.

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

1. Boðun og dagskrá fundar: Samþykkt.

2. Fundargerðir: Fundargerð 33. stjórnarfundar yfirfarin á fundinum og samþykkt til birtingar. Samþykkt að samþykkja fundargerð 34 með tölvupóstssamskiptum og birta á heimasíðu FRÍ fyrir þinglok 1. maí.

3. Fjármál:

3.1. Kostnaðaráætlun – Erlend mótabátttaka. Framkvæmdastjóri fór yfir áætlaðan kostnað sambandsins við þátttöku á mótum 2016 m.a. áður samþykktar forsendur á stjórnarfundi. ÁÞ tilkynnti að upplýsingar um viðmið fyrir áætlaðri kostnaðarþátttöku sambandsins hafi verið að finna á heimasíðu FRÍ frá því í janúar. ÁÞ tilkynnti að búið væri að ganga frá hagstæðum kaupum á 21 farseðli til Möltu vegna þátttöku Íslands á meistaramóti AASSE ríkjanna og að miðað við fyrirliggjandi viðmið um kostnaðarþátttöku keppanda kr. 35.000 muni verkefnið koma vel út fyrir sambandið. Stjórnarmenn fagna þessu.

3.2. Framkvæmdastjóri fór yfir fjárhagsáætlun sambandsins 2016 og 2017 og lagði fram gögn til umræðu í fjárhagsnefnd 60. þings. Framlögð gögn samþykkt til frekari umræðu á þinginu.

3.3. Ársreikningur 2014-2015. Framkvæmdastjóri upplýsti að skoðunarmenn sambandsins, Hallgrímur Arnalds og Kristinn Guðlaugsson hefðu fundað með honum og gjaldkera sambandsins, JS. Farið var vandlega yfir ársreikning sambandsins 2014 og 2015 og þeir undirritaðir af báðum skonunarmönnum. Stjórnarmenn fagna þessu.

3.4. Kostnaður vegna þjónustu lögmanna. Eftirfarandi tillaga var borin upp, rædd og samþykkt á fundinum. Allir aðalstjórnarmenn sem boðuðu þátttöku á fundinum tóku til mál - EV, LBH, JS, SSS, FRÞ.

„ Fundurinn staðfestir heimildir til Einars Gauts Steingrímsson hrl. til þess að, annar vegar að verjast kröfu fyrrverandi framkvæmdastjóra um greiðslu bílastyrks eftir að hann lét af störfum hjá sambandinu og hins vegar að undirbúa kröfu á hendur fyrrverandi framkvæmdastjóra vegna skuldsetningar sambandsins án heimilda hjá lögmannsstofu Sveins Andra Sveinssonar að upphæð kr. 334.800 auk kostnaðar við að gæta hagsmuna sambandsins í því máli. Framkvæmdastjóra er falið að annast samskipti við Einar Gaut vegna þessa og leggja niðurstöðurnar fyrir stjórn til ákvörðunar. „ Stjórn FRÍ samþykkir.



Samþykkt var að stjórn FRÍ greiði þann lögmannskostnað sem falla kann á sambandið við að ljúka ágreiningi við JE um bílastyrk, aðgang að fri@fri.is og til að svara fyrirspurnum frá Persónuvernd.

4. 60. Þing FRÍ.

- 4.1 Framkvæmdastjóri greindi frá því að undirbúningur þingsins gengi vel, að starfsskýrsla stjórnar væri komin vel á veg og færi í prentun á fimmtudaginn. Umræður voru um störf þingsins og samþykkt að styðjast m.a. við upptökur á fundinum til að tryggja sem best aðgengi að réttum upplýsingum um meðferð og afgreiðslu mála.
- 4.2. Samþykkt var að Lóa Björk Hallsdóttir og Fríða Rún Þórðardóttir verði þingritarar, FRÞ verði formaður alsherjarnefndar, Ásbjörn Karlsson formaður laganeftdar og Jón Steingrímsson formaður fjárhagsneftdar. Samþykkt.
- 4.3. Orðuveitingar: Framkvæmdastjóri skýrði frá fundi Magnúsar Jakobssonar og EV í orðunefnd og tilnefningar frá sambandsaðilum. Farið var yfir upplýsingar sem lagðar vorur fram og orðuveitingar staðfestar m.v. þann fjölda af gullmerkjum, silfurmerkjum og bronsmerkjum sem veita má á hveju þingi. Frágangur samþykktur. FRÞ og LBH munu ganga frá listanum og senda á framkvæmdastjóra.

5. Tengiliðir við félögin.

Mikilvægt er fyrir framkvæmdastjóra að hafa tengilið við hvert það félag sem á afreksmann sem hlítur styrki frá ÍSÍ og FRÍ.

6. Uppskeruhátíð. ÁP tilkynnti að undirbúningur hafi gengið vel og að matu og húsnæði væri til fyrirmyndar og á hagkvæmum kjörum fyrir sambandið og gesti. Rætt var um viðurkenningar sem veittar verða á uppskeruhátíð og ákveðið að eitt skuli yfir alla greinaflokka ganga. Að einn íþróttamaður í hverjum greinaflokk hljóti viðurkenningu á uppskeruhátíð en ekki einungis hlauparar og öldungar eins og tíðkast hefur.

7. Verkefnaskil. Farið var yfir stöðu verkefna sem eru í gangi vegna undirbúnings ársþings.

8. Önnur mál. Engin önnur mál voru tekin fyrir

Feira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 22:35